

**2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Eins og áður hefur komið fram hér hefur Reykjavíkurborg skuldbundið sig til að taka ávallt mið af þörfum og viðhorfum beggja kynja og greina áhrif ákvarðana á stöðu þeirra. Þetta á við um allar ákvarðanir borgarinnar. Núna þegar hriktir í stoðum samfélagsins og ekkert okkar veit hvernig efnahagsástandið kemur til með að bitna á fólkinu í landinu, er því mikilvægt að við förum yfir stöðu kynjanna á ólíkum sviðum. Er einhver möguleiki á því að efnahagslægdin komi til með að bitna ólíkt á körlum og konum? Er mögulegt að borgaryfirvöld geti gert eitthvað til að sporna við því og eru mögulega einhverjar leiðir að opnast sem geta stuðlað að auknu jafnrétti kynjanna?

Í þverpólítískri aðgerðaáætlun borgarinnar er vissulega tekið mið af ólíkri stöðu kynjanna, þótt það sé ekki orðað með beinum hætti þar. Þar er rík áhersla lögð á að standa vörð um grunnþjónustuna sem að líkindum myndi færast inn á heimilin ella. Enn er það svo að konur axla ríkari ábyrgð á heimilishaldi, uppeldi og umönnun en karlar. Ójöfn skipting inni á heimilunum skerðir möguleika kvenna á vinnumarkaði og möguleika karla til góðra og uppbyggilegra tengsla við börn sín og fjölskyldur. Niðurskurður í grunnþjónustu, hvort sem það yrði á leikskólum, grunnskólum, öldrunarheimilum eða annarri velferðarþjónustu, myndi auka enn á þessa ójöfnu skiptingu. Því er grundvallaratriði að borgin haldi fast í þau prinsipp að standa vörð um grunnþjónustuna. Áframhaldandi atvinnuöryggi og möguleikar kvenna á vinnumarkaði og karla á heimilunum byggjast á traustri velferðarþjónustu.

Í aðgerðaáætluninni er jafnframt kveðið á um að gjaldskrár borgarinnar hækki ekki. Þegar að þrengist er nauðsynlegt fyrir heimilin að forgangsraða því sem greitt er fyrir. Forgangsröðunin verður erfiðari og erfiðari og á einhverjum tímamarki gæti komið að því að skera niður á kostnað velferðar fjölskyldunnar.

Uppsagnir á þátttöku barna í frístundaheimilum eða leikskólum gætu hafist, og þá líklega á kostnað atvinnuþátttöku móður jafnvel þótt atvinnuleysi komi ekki til. En aukið atvinnuleysi er yfirvofandi. Og merkilegt nokk, þá mun það líka hafa

Bstj. 4. nóvember 2008

áhrif á karla og konur með ólíkum hætti ef marka má þær kreppur sem við og önnur vestræn samfélög hafa gengið í gegnum.

Íslenskur vinnumarkaður er afar kynskiptur. 75% fólks starfar á vinnustað þar sem meira en tveir þriðju hlutar starfsfólks eru af sama kyni. Nauðsynlegt er að líta til þessarar staðreyndar þegar borgin reynir að sporna gegn atvinnuleysi. Núna, í upphafi lægðarinnar, eru það fyrst og fremst karlar sem missa vinnuna. Meirihluti þeirra sem misst hafa vinnuna í bönkum og byggingariðnaði eru karlar. Því er mikilvægt að gera það sem hægt er til að halda áfram framkvæmdum á vegum borgarinnar og forgangsraða í þágu atvinnustigsins.

Þegar fram í sækir má þó ætla að einnig fari að halla undan fæti hjá konunum. Verslunar- og þjónustustörf munu dragast saman í kjölfar þess sem nú hefur gerst. Við verðum því að leggja hausinn í bleyti um hvernig hægt er að skapa skilyrði til fjölbreytts atvinnulífs í borginni þannig að fólk, bæði konur og karlar, hafi raunverulega möguleika á að taka þátt í að skapa hér nýtt samfélag. Þar sem ég minntist á það í upphafi að mögulega væru einhverjar gáttir að opnast til að stuðla að auknu jafnrétti er ekki óeðlilegt að vona allavega að nú komi hlutfall karla í uppeldis- og umönnunarstörfum til með að aukast. Hugsanlega getur sú allsherjaruppstokkun sem nú á sér stað á vinnumarkaði, á endanum leitt til meiri blöndunar á vinnustöðum og jafnari dreifingar á verkaskiptingu inni á heimilunum. Rannsóknir úr ólíkum atvinnugreinum sýna, að vinnustaðir með tiltölulega jöfnu hlutfalli karla og kvenna á öllum sviðum eru líklegri til að skila árangri og vera eftirsóknarverðir en hinir sem hafa einsleitt starfslið. Auðvitað hlýtur fjölskyldulífið líka að vera betra þegar pabbinn og mamma eru bæði virk þar sem pabbar og mömmur eru saman inni á heimilunum.

En eitt er að hafa vinnu og annað að fá greidd laun. Að maður tali nú ekki um að fá greidd sanngjörn laun. Kynbundinn launamunur hefur alltaf verið til staðar á Íslandi, þrátt fyrir að lög hafi verið sett um að sömu laun skuli greidd fyrir sömu vinnu fyrir áratugum síðan. Reynslan hefur sýnt að efnahagsþrengingar leiða til aukins ójafnaðar í samfélögum, þar með talið aukins kynbundins launamunar. Þótt það sé mín staðfasta trú að Reykjavíkurborg hljóti að standa sig vel í þessum efnum tel ég brýnt að minnast á þessa hættu og nota tækifærið og kalla eftir upplýsingum um stöðu þeirrar úttektar sem samþykkt var hér í borgarstjórn þann

Bstj. 4. nóvember 2008

19. júní síðastliðinn. Mikilvægt er að þessar upplýsingar liggi fyrir hið fyrsta, svo hægt sé að ákveða næstu skref.

Forseti. Vandinn er ekki aðeins fjárhagslegur. Efnahagslæggðir hafa reynst ýkja skuggahliðar samfélaga til muna. Samhliða aukinni streitu og auknum áhyggjum á fólk erfiðara með að hafa hemil á sínum veiku hliðum. Reynsla SÁÁ sýnir að óvirkir alkóhólistar falla í ríkari mæli við slíkar aðstæður og misnotkun á áfengi og vímuefnum eykst. Nú þegar eru forsvarsmenn SÁÁ farnir að merkja aukningu og ekkert sem bendir til annars en hún haldi áfram. Ljóst er að karlar eru í meiri áhættuhópi en konur hvað misnotkun áfengis og vímuefna varðar þó vissulega hafi misnotkunin áhrif á fjölda fólks í kringum hvern sjúkling, bæði karla og konur.

Í Kvennaathvarfinu er sömu sögu að segja. Meiri eftirspurn er eftir ráðgjöf hjá þeim og greinilegt að heimilisofbeldi er að aukast. Á sama tíma eru úrræði kvennanna færri þar sem verri fjárhagsleg staða gerir þeim erfiðara fyrir að yfirgefa ofbeldisfulla eiginmenn. Því má gera ráð fyrir að ekki aðeins muni fleiri konur koma í Kvennaathvarf heldur koma þær til með að dvelja þar lengur.

Það er einnig mikilvægt að sporna gegn auknu kynferðisofbeldi þó ekki sé auðvelt að nálgast tölulegar upplýsingar um þróun þess. Rannsóknir á efnahagslæggðinni í Finnlandi í byrjun tíunda áratugarins leiddu í ljós talsverða aukningu á vændi. Við, sem borgaryfirvöld, verðum að beita okkur gegn þessari þróun nú í upphafi kreppu. Að þessu sögðu er ljóst að grunnþjónustuna verður að verja. Ekki aðeins þá grunnþjónustu sem innt er af hálfu borgarinnar heldur jafnframt öll þau lífsnauðsynlegu hagsmuna- og grasrótarsamtök sem munu gegna æ mikilvægara hlutverki þegar lægðin dýpkar.

Nú þegar stefnt er að endurskoðun samninga sem borgin hefur staðið að er nauðsynlegt að líta til mikilvægis þeirrar þjónustu sem veitt er hverju sinni. Niðurskurður til sjálfseignarstofnana á borð við SÁÁ, Kvennaathvarf eða Stígamót væri algjört glapræði, enda ljóst að mikið mun mæða á þessum samtökum á næstu misserum. Nær væri að auka framlögin með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi.

Bstj. 4. nóvember 2008

Að lokum, forseti. Það er ljóst að efnahagslægðin mun hafa ólík áhrif á líf og líðan kvenna og karla. Í því starfi sem framundan er verðum við að taka tillit til aðstæðna kynjanna og reyna eftir fremsta megni að koma í veg fyrir aukna mismunun. Jafnframt ber okkur að nýta alla möguleika til að stuðla að frekara jafnrétti hvernig sem efnahagsástandið kann að vera hverju sinni.

Ég vonast til jákvæðra undirtekta hér í Borgarstjórn Reykjavíkur. Við þurfum öll að taka höndum saman til að tryggja að efnahagsástandið hafi ekki verri afleiðingar en nauðsynlegt er.

**Forseti:** Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið máli sínu. Þá tekur næst til máls hæstvirtur borgarstjóri.

Bstj. 4. nóvember 2008

## **2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég byrja á því að þakka þessa umræðu um þau mál er tengjast stöðu kynjanna við þær aðstæður sem nú eru. Eitt þeirra mála sem hefur verið rætt talsvert á vettvangi aðgerðahópsins og ég held að bæði menn og konur á þeim stað séu meðvitaðir um að huga sérstaklega að.

Auðvitað er það svo, eins og Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi, nefndi réttilega að atvinnuástandið núna, ef menn fara í einhverjar kyngreiningar á því, þá er það sjálfsagt að bitna harðar við þessar aðstæður núna akkúrat á körlum og að auki er það þannig, og þess vegna held ég að það sé rétt eins og borgarfulltrúinn nefndi að aðgerðahópurinn og aðgerðaáætlun borgarinnar er talsvert að koma til móts við þetta, vegna þess að þar er talað um að vernda störfin á vettvangi borgarinnar og stór hópur kvenna vinnur einmitt hjá borginni í ákveðnum störfum þannig að sá hópur nýtur góðs af þeirri skýru afstöðu borgaryfirvalda að leita allra leiða til þess að tryggja að hægt sé að standa vörð um störfin á vettvangi Reykjavíkurborgar.

Þannig að það eru mikilvæg skilaboð sem skipta bæði konur og auðvitað líka karla í Reykjavík miklu máli. Enda er það þannig að árið 2007 voru 78% af vinnuafli Reykjavíkur konur en 22% karlar. Þannig að af þessum stóra hópi kvenna í Reykjavík sem vinnur hjá borginni, þá eru störf þeirra, allavega eins og staðan er núna, vel varin og vonandi tekst okkur að halda því áfram.

Mig langaði líka, herra forseti, að nefna stuttlega vegna þess að Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi, kom inn á það og ég held að það sé mikilvægt og það mál hefur verið rætt hér áður á vettvangi borgarstjórnar, meðal annars nýlega að tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna á könnun á launamun kynjanna og í tilefni af því vil ég segja örstutt, hæstvirtur forseti, frá rannsókn sem gerð var hér af hálfu Önnu Borgþórsdóttur Olsen sem er verkefnisstjóri á mannauðsskrifstofu og hefur verið að klára meistaranám við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og þar hefur hún gert að sínu lokaverkefni og leiðbeinandi rannsóknarinnar var dr. Gylfi Zoëga en hennar lokaverkefni var ítarleg rannsókn á þróun launamunar hjá Reykjavíkurborg frá 1999-2007. Þessi rannsókn verður kynnt í borgarráði ítarlega þannig að ég ætla ekkert að fara yfir hana í heild sinni.

Bstj. 4. nóvember 2008

Engu að síður sýnir hún fram á mjög mikilvægan árangur hjá Reykjavíkurborg og sýnir og sannar eina ferðina enn að Reykjavíkurborg er í forystu hvað varðar þessi mál og þannig sýnir rannsóknin að ef tekið er tillit til innbyrðis röðunar starfa í starfsmatshópum þá er enginn ómálefnalegur launamunur í dagvinnulaunum hjá Reykjavíkurborg. Það er mjög mikilvægt. Hún sýnir einnig, þessi rannsókn, að dagvinnulaunamunur kynja hefur minnkað verulega og farið úr 15% úr 4% frá árinu 1999 til 2007 og heildarlaunamunur hefur farið úr 14% í 9% og síðan, eins og ég sagði áðan, ef tekið er tillit til innbyrðis röðunar starfa í þessum starfsmatshópum sem er sú aðferð sem þarna er beitt, þá finnst enginn ómálefnalegur launamunur í dagvinnulaunum. Þannig að það er mjög mikilvægt fyrir Reykjavíkurborg enda hefur Reykjavíkurborg mjög lengi lagt mikla áherslu á það að hér sé ekki munur á milli kynja hvað varðar laun.

Þannig að þetta eru góðar niðurstöður og mikilvægar. Engu að síður bendir þessi verkefnisstjóri hér á ákveðna hluti sem þarf að skoða betur og ég mun gera grein fyrir í borgarráði og leggja til að í það verði farið í samræmi við það sem var rætt hér á vettvangi borgarstjórnar og var samþykkt að fara í ákveðna athugun á. Þannig að þetta eru hlutir sem skipta máli og eru mikilvægir í þeirri umræðu sem hér er. Ég held, hæstvirtur forseti, að miðað við allt og allt þá sé alveg ljóst og eins og frummælandi gerði hér að umræðuefni þá er staða kvenna, bæði sem launþegar í Reykjavíkurborg og við þær aðstæður sem nú eru, ágæt en auðvitað þarf að huga sérstaklega að því alveg eins og við hugum að atvinnuástandi almennt. Því hefur þessi aðgerðahópur títtnefndi hér á vettvangi borgarstjórnar verið að huga að og við munum örugglega halda því áfram.

Ég ítreka einnig, hæstvirtur forseti, að sú athugun sem ég hef bara stuttlega nefnt hér og eru komnar úr ákveðnar niðurstöður, hún verður að sjálfsögðu kynnt mjög ítarlega á vettvangi borgarráðs og lögð fram vonandi sameiginleg tillaga um það hvernig við höldum áfram með þá vinnu. En ég held ég hafi þetta ekki lengra, hæstvirtur forseti. Ég fagna þessari umræðu og get fullvissað borgarfulltrúann og fulltrúa Vinstri grænna um það að eins og við erum að huga að öllu hvað þetta ástand varðar þá verður að sjálfsögðu tekið mið af því eins og hér er nefnt, af stöðu kynjanna.

Bstj. 4. nóvember 2008

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarstjóra Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi.

Bstj. 4. nóvember 2008

**2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég fagna því að rannsókn Önnu Borgþórsdóttur sé tilbúin og hlakka til að sjá þær niðurstöður. Ég vona samt, mér fannst það ekki nógu skýrt í máli borgarstjóra hvort það yrði ekki örugglega farið í þá óháðu úttekt sem samþykkt var að fara í þann 19. júní síðastliðinn. Mig langar til að fá skýrari svör við því.

**Forseti:** Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

Bstj. 4. nóvember 2008

**2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, takk fyrir þetta. Tillagan sem var samþykkt hér samhljóða á vettvangi borgarstjórnar stendur auðvitað algjörlega óbreytt og óhreyfð. Hins vegar hefur hún Anna Borgþórsdóttir Olsen, sem mun kynna þessar tillögur fyrir borgarráði, ákveðnar hugmyndir um hvernig er best að fara í það til að það nýtist, bæði þessi rannsókn og svona framtíðar hugleiðingar um þetta og ég hef reyndar rætt það óformlega örlítið við oddvita Vinstri grænna um hvernig við höldum best á því og við munum ræða það inni í borgarráði en samþykktin um þá tillögu eða það sem var samþykkt hér samhljóða, hún stendur auðvitað óbreytt.

Þessir aðilar sem hafa verið að framkvæma þessa athugun hafa ákveðnar hugmyndir um hvernig við nýtum það aukalega hvað varðar að styrkja þessa rannsókn sem fyrir er. Þannig að ég var bara að áréttu að við myndum nýta þennan grunn sem við erum hér komin með og vinna á grundvelli þess framhaldið. Þannig að borgarfulltrúinn þarf ekki að hafa áhyggjur af því en þetta hangir saman þannig að það nýtist okkar starfsmannastefnu og okkar jafnréttisstefnu sem best.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir því að veita andsvar og er andsvörum lokið. Þá tekur til máls Margrét Sverrisdóttir, borgarfulltrúi.

Bstj. 4. nóvember 2008

## **2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Margrét Sverrisdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á því að þakka borgarfulltrúum Vinstri grænna fyrir að færa þetta mál á dagskrá borgarstjórnar því nú er mikilvægara en nokkru sinni að sjónarmiðum jafnréttis verði fléttað inn í alla þætti stefnumótunar, ákvarðana og aðgerða á vegum Reykjavíkurborgar og í þeim efnum verði hvergi hvikað frá mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var árið 2006.

Reykjavíkurborg hefur um árabil unnið af metnaði að þróun jafnréttismála. En stundum hrasa menn þótt þeir séu á réttri leið og ég vil nefna eitt dæmi um aðgerð sem vart getur talist nútímaleg á mælikvarða jafnréttismála en það eru heimgreiðslur borgarinnar til foreldra barna á biðlistum eftir leikskólavistun. Reynslan hafði sýnt að veruleg ástæða var til að óttast að heimgreiðslur yrðu til að draga úr atvinnuþátttöku kvenna af því að þær eru oftar á lægri launum og yrðu því frekar heima hjá börnunum. Heimgreiðslur hafa í reynd viðhaldið launamun kynjanna og öðrum kynbundnum ójöfnuði á vinnumarkaði. Samt var þessi leið farin og það var sannarlega hliðarspor.

Það var formaður leikskólaráðs, borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, sem sagði í viðtali um þessar heimgreiðslur að hið markaðsdrifna hagkerfi myndi alltaf sigra opinbera kerfið. Nú, svo skömmu síðar, sjáum við hvernig komið er fyrir hinu markaðsdrifna, sigursæla hagkerfi. Það er hreint ekki í standi til að sigra opinbera kerfið og frjálshyggjustefna Sjálfstæðisflokksins hefur beðið skipbrot og verður vonandi ekki höfð að leiðarljósi í pólitíkinni í borginni. Bið eftir dvöl á leikskóla hefur til þessa stafað af manneklei á leikskólum vegna bágra launa. Nú sjáum við það gerbreystast því á krepputímum verða öll störf, líka láglauna- og umönnunarstörf, eftirsóknarverð. En þessi störf þarf vissulega að meta mikils og meta vel til launa því vel menntaðir leikskólakennarar leggja grunninn að menntun nýrra kynslóða.

Virðulegi forseti. Einhverjir hafa látið að því liggja að nú sé komið að konum að taka við. Karlasamfélagið sé fallið og konur þurfi að taka völdin. Það væri óskandi. En ég er nú orðin of bitur kvennabarátukona til að þora að vona það. Ég hef séð hvað jafnrétti þokast hægt í rétta átt og ég óttast að kreppan jafni ekki

Bstj. 4. nóvember 2008

launamun kynjanna heldur aukist launabilið enn. Því miður sýnir launakönnun SFR frá því í september að launamunur kynjanna hjá hinu opinbera er viðvarandi og vaxandi vandamál. Kynbundinn launamunur mælist nú 17,2% þegar búið er að taka tillit til áhrifaþátta á laun og hefur launamunurinn þar vaxið um 3% á milli ára.

Ég fagna hins vegar þeim fréttum hæstvirts borgarstjóra sem hér boðaði jákvæðar niðurstöður úr rannsókn Önnu Borgþórsdóttur Olsen og það verður mjög ánægjulegt þegar við verðum líka með niðurstöður óháðrar könnunar og ég treysti hæstvirtum borgarstjóra fyllilega til að taka þessi mál föstum tókum, að fylgjast grannt með launaþróun kynjanna í borginni.

Almennt njóta karlar í mun meira mæli umbunar í formi aukagreiðslna svo sem fastrar yfirvinnu og fleira og það þarf að vera vakandi fyrir því. Konur eru að jafnaði líklegri til að vera í hlutastarfi vegna þess að þær hafa fremur axlað ábyrgð á heimili og fjölskyldu en karlar en nú er erfiður tími niðurskurðar og það er meiri hætta á uppsögnum í hlutastörfum. Einnig, eins og hér hefur komið fram, er hætt við því að störfin við grunnþjónustu og velferðarþjónustu ýmiss konar fækki einmitt þar sem konur eru í meirihluta og þá er mjög gott að heyra að Reykjavíkurborg ætli sér að standa sérstakan vörð um þessi störf.

En geri borgin breytingar á störfum, til að mynda lækki starfshlutfall eða þvíumlíkt, þarf að gæta þess sérstaklega að það bitni ekki á öðru kyninu fremur en hinu. Hið sama á við um uppsagnir. Borgin þarf að gæta þess sérstaklega að þær bitni ekki fremur á konum en körlum. Þegar kemur að uppsögnum er brýnt að borgin hafi kynjagleraugun á nefinu, hugsí ávallt málin út frá sjónarmiði jafnréttis og samþætti jafnréttið öllu starfi eins og mannréttindastefnan gerir ráð fyrir.

Verði það ekki gert getur efnahagsástandið þýtt að við hverfum aftur til fortíðar. Það þyki sjálfsagt að karlar afli tekna meðan konur drýgja búið og hugsa um heimilið og fréttir af verulega aukinni sláturgerð og hvatningar í þá veruna upp á síðkastið vekja óneitanlega ugg, verð ég að segja, í brjósti um það að konurnar eigi að fara heim og fara að búa til eitthvað að bíta og brenna. En við megum heldur ekki gleyma því að uppsagnirnar hafa hingað til bitnað harkalega á körlum.

Bstj. 4. nóvember 2008

Ekki síst á iðnaðarmönnum í byggingariðnaði og bankastofnunum þar sem samdrátturinn kom fyrst fram.

Í því sambandi langar mig reyndar að vera með örlítinn útúrdúr. Mig langar til þess að vara við þeirri eðlishyggju sem hefur orðið svo mjög vart undanfarið þar sem talað er um að konur séu miklu varfærnari en karlar og alls ekki jafn áhættusæknar. Ég hafna því að það skýrist af eðli. Það skýrist miklu fremur af aðstöðumun kynjanna í samfélaginu. Ef konur hefðu verið komnar í sömu lykilaðstöðu í samkeppni og allir útrásarvíkingarnir, eins og þeir eru kallaðir, þá efast ég ekki um að þær hefðu hagað sér á mjög svipaðan hátt. Það felst bæði kven- og karlafyrirlitning í því að halda því gagnstæða fram.

Forseti, ég vil að lokum beina til Reykjavíkurborgar áminningu sem Jafnréttisstofa sendi frá sér þann 14. október síðastliðinn til að minna á jafnréttislög og réttindi kvenna á þeim erfiðu tímum sem fara í hönd. Þar segir „Í þeirri endurskipulagningu og uppbyggingu sem verður í kjölfar hruns á fjármálamarkaði felast tækifæri til þess að gera enn betur í jafnréttismálum.“

**Forseti:** Margrét Sverrisdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi.

Bstj. 4. nóvember 2008

**2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Marta Guðjónsdóttir:** Hæstvitur forseti, góðir borgarfulltrúar. Mig langar til þess að leiðrétta misskilning sem hefur verið dálítið lengi í gangi hjá minnihlutanum. Það er varðandi þjónustutryggingu sem kölluð er „borgarbörn“ sem var samþykkt í leikskólaráði. Minnihlutinn virðist hafa gefið sér það að þarna væri um eitthvert ákveðið val að ræða. Að sem sagt konur gætu nýtt sér alfarið þessa þjónustutryggingu en það er ekki þannig. Þjónustutryggingin lýtur sömu lögmálum og fæðingarorlofið. Þannig að báðir foreldrar verða að nýta hana ef þau ætla að taka hana. Þannig að þetta einskorðast ekki bara við annað kynið.

Annað sem mig langar til þess að koma inn á, eins og borgarstjóri nefndi hérna áðan í ræðu sinni, að þá eru konur hér í stórum meirihluta í störfum hjá borginni og ég fagna því sérstaklega að þeirra störf skuli vera varin og það sé ekki um uppsagnir að ræða hér hjá borgarstarfsmönnum og það hjá konum og mig langar bara líka til að upplýsa minnihlutann um það að það er verið að ráða konur inn í borgarkerfið núna. Inn á Droplaugarstaði, í leikskólana. Þannig að það sem minnihlutinn er kannski að hafa áhyggjur af er einkageirinn en ekki borgarkerfið. Hér eru störf kvenna varin.

**Forseti:** Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari Margrét Sverrisdóttir, borgarfulltrúi.

Bstj. 4. nóvember 2008

**2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Margrét Sverrisdóttir:** Ég vil taka það fram að ég nefndi sérstaklega að reynslan hefði sýnt að heimgreiðslur, sem ég leyfi mér að kalla svo, þó að fulltrúar meirihlutans vilji kalla þetta þjónustugreiðslur, yrðu til að draga úr atvinnuþátttöku kvenna af því að þær væru oftár á lægri launum og tendensinn yrði þannig að þær yrðu frekar heima. En er það þá kannski svo að þessar þjónustugreiðslur séu skilyrtar eins og fæðingarorlof, sem borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir vitnar til, að þriðjung þurfi konur að taka, einn þriðja karlar og einn þriðja saman? Ég vissi ekki til að það væri svo.

**Forseti:** Margrét Sverrisdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið við að svara andsvari. Þá er andsvörum lokið og til máls tekur Jórunn Frímansdóttir, borgarfulltrúi.

Bstj. 4. nóvember 2008

## **2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Jórunn Frímansdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa umræðu, ég held að hún sé fín og auðvitað þurfum við að vera vel meðvituð um jafnrétti kynjanna, ekki síður nú á þessum tímum heldur en bara endranær. En aðeins varðandi þjónustutrygginguna að þá langar mig að koma því hér á framfæri af því að mér finnst þessu alltaf vera kastað fram með þeim hætti að þetta sé val foreldra að vera heima og ætla þar að vera með börnin sín. Málið er ekki alveg svo einfalt því kannski lykilatriði í þessu með þjónustutrygginguna er það að hún á einungis við ef fólk hefur ekki val um leikskóla fyrir barnið sitt. Hún kemur ekki inn nema þú fáir ekki boð um það að barnið þitt fari á leikskóla. Þannig að það sé á hreinu.

Nú, ég vil taka undir með Margréti Sverrisdóttur, borgarfulltrúa, sem talaði hér um áhættusækni karla og kvenna og hvernig það væri um talað að konur væru eitthvað minna áhættusæknar heldur en karlar. Ég tek undir með Margréti, ég held að það sé alls ekki svo og að það hafi einmitt haft með að gera muninn á stöðu kynjanna akkúrat í þessu umhverfi og þessum tímum sem við erum að lifa núna.

Síðan, að lokum, langar mig aðeins að koma inn á þetta með atvinnuleysið sem nú er auðvitað, hvað á maður að segja, fer vaxandi þessa dagana og þessar vikurnar og er auðvitað grafalvarlegt. Það eru ofsalega mikilvæg skilaboð sem Reykjavíkurborg er að senda út um það að við ætlum hér að reyna að fara í framkvæmdir með öllum mögulegum hætti og við ætlum að forgangsraða framkvæmdum á nýjan hátt þannig að við förum heldur í mannaflsfrekar framkvæmdir sem auka ekki rekstrarkostnað borgarinnar en lúta að því að skapa sem flestum atvinnu og einmitt að þeim aðilum sem hvað mest eru að missa vinnuna um þessar stundir.

Ég held, hvað varðar heimilin í landinu, að þá séu nú fæstir að hugsa um það hvort það séu konur eða karlar sem eru að missa vinnuna. Það skiptir gríðarlega miklu máli að fólk hafi vinnu, hafi ofan í sig og á, geti séð sér farborða og börnum sínum og geti haldið uppi því heimilishaldi sem það er vant að halda uppi. Getum við skapað aukna atvinnu hér, þá að sjálfsögðu gerum við það og reynum eftir fremsta megi að standa vörð um þjónustuna okkar sem, eins og komið hefur fram,

Bstj. 4. nóvember 2008

er að stærstum hluta konur og síðan að fara í mannaflsfrekar framkvæmdir sem geta þá boðið hér í auknum mæli körlum störf.

**Forseti:** Jórunn Frímannsdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið máli sínu. Þá tekur næst til máls Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi.

## **2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Svandís Svavarsdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Hér eru nú nokkrir borgarstjórnarkarlar í salnum og þó nokkrar konur líka og það væri gaman að heyra skoðun karlanna líka á þessu umræðuefni sem hér hefur verið reifað. Sumir eru farnir fram. Þeir ætla kannski að hringja í einhverja konu, hringja í vin, hringja í vinkonu. Markmið okkar Vinstri grænna með því að vekja máls á þessu umræðuefni hér er fyrst og fremst að varpa ljósi á þessa þætti sem fyrirfram er ljóst að efnahagslegur samdráttur geti falið í sér þessa auknu hættu að munurinn á stöðu og kjörum kynjanna aukist. Það er að segja að þrengingarnar auki kynjamuninn.

Við vitum að kynjamunurinn er til staðar. Því miður á nánast öllum stigum samfélagsins, sama hvort við erum að tala um sýnileika, völd, kjör eða kynbundið ofbeldi. En ég vil, áður en lengra er haldið, þakka sérstaklega fyrir umræðuna og ég held að það sé mjög mikilvægt að við getum haldið þessari umræðu sem mest frá einstökum atriðum eins og heimgreiðslu en þó er það þannig að í þeirri hugmyndafræði sjálfri kristallast ákveðinn skilningur á því hvert er hlutverk hins opinbera í því að styðja við kynjajafnrétti. Og að hið opinbera hafi með sínum afskiptum ekki beinlínis þau áhrif að auka á kynjamisrétti.

Þessar umræður hafa náttúrlega átt sér stað hér í löngu máli þannig að ég ætla ekki að víkja að því sérstaklega en hér var fólk ekki alveg sammála um skilninginn á því hvort um val væri að ræða eða ekki en eftir því sem mér skilst, þá er um val að ræða til tveggja ára aldurs. Eftir það er ekki um val að ræða. Hér hristir borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir höfuðið en aðrir kinka kolla og setja þumalinn á loft þannig að ég held að við ættum nú að biðja einhvern velviljaðan borgarfulltrúa sem á eftir að taka til máls að botna málið endanlega.

Eins og Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi, fór yfir hér í upphafi umræðunnar er ljóst að hættunarbeyning leynast mjög víða. Ekki aðeins að því er varðar kynskiptingu á vinnumarkaði heldur einnig er varðar kynbundið ofbeldi og aðra þætti og þó að borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir hafi nefnt það hér að fæstir séu að hugsa um hvort karlar eða konur eru að missa vinnuna, það er bara vont að missa vinnuna, það er hárrétt, þá er kyngreining afar mikilvæg. Hún er ekki bara mikilvæg, hún er

Bstj. 4. nóvember 2008

raunar skylda. Það er að segja okkur ber að fylgjast sérstaklega með mismunandi áhrifum á kynin þegar um svo miklar samfélagshremmingar er að ræða sem nú er. Það liggur semsé fyrir að það er okkar skylda, ekki bara sem stjórnvöld hér í Reykjavík heldur stjórnvöld yfir höfuð í þessu landi þar sem það læðist nú að okkur sá grunur endrum og sinnum að það sé ekki mikið fjölmenni við stýrið, að við verðum að greina ástæður og aðdraganda og afleiðingar kreppunnar út frá kynjasjónarmiðum.

Við höfum hér í Reykjavíkurborg ágætis tæki sem er samþykkt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Við höfum jafnréttislög og við höfum raunar alþjóðlega samninga af ýmsu tagi sem við höfum undirgengist og það er ágætt að minna á það hér að Reykjavíkurborg hefur verið brautryðjandi sveitarfélaga héraendis og formaður mannréttindanefndar hefur margoft gert grein fyrir því sem segir í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar að í undirbúningi að ákvarðanatöku og við úthlutun fjármagns, til dæmis í fjárhagsáætlunargerð, skuli taka mið af þörfum og viðhorfum beggja kynja og greina áhrif ákvarðana á stöðu þeirra. Þannig að það er ekki svo að þetta sé eitthvert smekksatriði heldur er það einfaldlega þannig að við höfum undirgengist tiltekna skyldur til þess að tryggja eftir því sem best er unnt jafna stöðu karla og kvenna.

Á kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking 1995 var samþykkt framkvæmdaáætlun um jafnrétti kynjanna sem við erum aðilar að. Í þeirri áætlun kom fram að jafnréttissjónarmið skyldu samþætt öllum sviðum þjóðfélaga aðildarlandanna. Þar er samþættingin skilgreind svo, með leyfi forseta: „Forsenda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða er að öll ferli stefnumörkunar séu metin, bætt, þróuð og endurskipulögð þannig að málsaðilar taki mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum á öllum þjóðfélagssviðum, á öllum stigum ákvarðanatöku og í allri meðferð mála.“ Tilvitnun lýkur. Þannig er samkvæmt áætluninni samþykkt að breyta samfélaginu í átt til jafnréttis en ekki stöðu eða aðstæðum einstaklinga eða einstakra aðila innan samfélagsins eða einstakra hópa innan þess.

Það er í sjálfu sér semsagt ekki val okkar að viðhafa vinnubrögð af þessu tagi heldur hluti af því umhverfi sem við erum fullir og ábyrgir þátttakendur í og hér er sérstaklega rétt að leggja áherslu á það sem þarna kemur fram varðandi samþættinguna að kynja- og jafnréttissjónarmið ber að viðhafa sérstaklega þegar

Bstj. 4. nóvember 2008

um endurskipulagningu er að ræða. Ekki bara við hefðbundnar ákvarðanir ef svo má segja heldur sérstaklega þegar um endurskipulagningu er að ræða. Þar sem er ástæða til að ætla að vegna þeirra hefða sem hafa skapast og vegna þess rótgróna kynjakerfis sem er við lýði í samfélaginu þá er raunveruleg hættu á því að aðgerðir sem varða endurskipulagningu, endurreisn eða endurmótun kunni að endurspegla hefðbundin og rótgróin kynjasjónarmið.

Við höfum rætt það sérstaklega í aðgerðahópnum og hér hefur það verið nefnt að í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar skuli taka mið af atvinnustigi þegar verið er að taka ákvörðun að því er varðar framkvæmdir. Það er mikilvægt. En jafnframt er undirliggjandi að við eigum að hafa kynjuð sjónarmið til grundvallar. Eins og hér hefur komið fram hafa fyrstu skref eða fyrstu dagar eða vikur kreppunnar fyrst og fremst bitnað á körlum að því er varðar vinnumarkaðinn en fjölmargar rannsóknir sýna okkur ákveðna bylgjuhreyfingu í því. Það er að segja að áhrifin á konur koma síðar.

Ég tel rétt, forseti, að nefna hér ákveðinn þátt í þessari umræðu sem ég held að hafi nú verið upphaflega vakið máls á hér fyrst á kjörtímabilinu og svo nokkrum sinnum og þegar að kynjuð hagstjórn var fyrst rædd hér í sölum borgarstjórnar þá minnst ég þess að ágætur borgarfulltrúi, þáverandi oddviti framsóknarmanna, Björn Ingi Hrafnsson, hafi nú litið á þetta frekar sem spaug heldur en sem raunverulegt umræðuefni en hann tileinkaði sér nú innihald hugsunarinnar og ég held að það sé mikilvægt þess vegna að hamra járníð hvað þetta varðar. Enn og aftur er ekki um að ræða einhvers konar val því að það er þannig að við höfum undirgengið sáttmála þar sem okkur ber að taka kynjaða afstöðu til útgjalda. Þess utan höfum við sjálf, í okkar eigin mannréttindastefnu, rætt sérstaklega um kynjaða hagstjórn, það er að segja kynjuð sjónarmið í fjárhagsáætlunargerð.

Í skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um kynjaða hagstjórn er gert ráð fyrir að hún geti farið fram með tvennum hætti. Æskilegast þykir að byggð sé upp þekking á kynjafræðum innan stjórnsýslunnar þannig að samþætting kynjasjónarmiða geti átt sér stað á meðan á vinnslu áætlunarinnar standi. Þannig að í fullkomnum heimi, í fullkominni Reykjavíkurborg, ættum við sérfræðinga í kynjaðri hagstjórn á fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Hin leiðin er þó talin einnig skila árangri, að mati norrænu ráðherranefndarinnar. Það er að segja að fá utanaðkomandi

Bstj. 4. nóvember 2008

sérfræðinga til að fara yfir og meta áhrif tiltekinnar áætlunar, hugsanlega á vinnslustigi, og koma með tillögur að lagfæringum ef þurfa þykir. Til að samþætting geti semsé átt sér stað verðum við, sem ekki búum yfir þessari sérfræðipækkingu, að leita hennar annars staðar. Til að greina ástandið og benda á leiðir til úrlausnar.

Þar sem að þessi kynjafræðipækking er ekki til staðar á fjármálasviði Reykjavíkurborgar nema í takmörkuðum mæli, þá ber á það að líta að hana er að finna á Íslandi og hana er að finna á Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum sem hefur á sínum snærum fjölda sérfræðinga, meðal annars á sviði kynjaðrar hagstjórnar. Því er í raun og veru einboðið og við munum að sjálfsögðu halda því til haga í okkar ágætu sameiginlegu vinnu í aðgerðahópnum og væntanlega í misbrokkgengu samstarfi meirihluta og minnihluta að því er varðar fjárhagsáætlunargerð sem stendur væntanlega allt saman til geysilegra bóta, að slíkir sérfræðingar verði kallaðir til verka við þessa mjög svo óvenjulegu fjárhagsáætlun, ekki bara að því er varðar vinnubrögð heldur væntanlega líka að því er varðar innihald að hluta því þarna fer fram meiri endurskipulagning heldur en að jafnaði þegar fjárhagsáætlun er annars vegar.

Rannsóknir undanfarna daga og vikur, forseti, benda til þess, því miður, að lítill hluti kvenna í fjölmiðlum fari enn rýrnandi. Sú tala sem að jafnaði hefur verið nefnd er þriðjungur, hvort sem um er að ræða þá sem halda um stjórnvölinn eða þá sem eru kallaðir til í fréttaskýringaþáttum eða viðræðuþáttum og samkvæmt lauslegri talningu hefur komið fram að í þeim fréttaskýringa- og umræðuþáttum sem nú hafa verið í loftinu, hvort sem er í sjónvarpi eða útvarpi frá skellinum mikla er það svo að sýnileiki kvenna er ennþá minni heldur en endranær. Konur eru ennþá ósýnilegri heldur en endranær, sem betur fer eru á þessu nokkrar undantekningar en sýnileiki kvenna og kvenlægra gilda í umræðu um endurreisn og endurmótun samfélags er lykilatriði og þegar þessi sýnileiki er sérstaklega takmarkaður þá endurspeglast það í því að það er jafnvel meira rætt um tæknilegar hliðar bankakreppunnar, tæknilegar hliðar gjaldeyriskreppunnar heldur en raunverulegan vanda heimilanna og almennings og þann hluta kreppunnar sem kemur niður á almenningi í daglegu lífi. Að hluta til er um að kenna, og ég leyfi mér að fullyrða það, skorti á kynjajafnvægi í þessari umræðu. Það er okkar, meðal

Bstj. 4. nóvember 2008

annars, sem erum þátttakendur í opinberri umræðu að halda þessum sjónarmiðum til haga. Konur verða að vera sýnilegar í umræðunni núna.

Fyrir liggur sú staðreynd að körlum einum er ekki treystandi til að stjórna heiminum. Því miður. Sú einsleita samsetning kynja við stjórnvölinn að jafnaði í veröldinni sem einkennist af stöku konu í karlafansi er ekki vænleg til árangurs. Sem betur fer erum við komin ögn lengra hér í Borgarstjórn Reykjavíkur en það er því miður ekki reglan í heiminum. Þannig að þar höfum við líka hlutverk því að líkindum erum við að tala um endurmótun samfélags á miklu miklu breiðari grundvelli heldur en sem nemur einni borg eða einu samfélagi. Við greiningu á aðdraganda þess sem fór úrskaiðis þarf líka að beita mjög skarpri kynjasýn. Hvaða hugmyndafræði var við lýði? Þessi gildi áhættufiknar og dirfsku til viðbótar við markaðs- og nýfrjálshyggju hafa ráðið för mjög lengi. Þetta þarf að greina af skerpu og kjarki, horfast í augu við afleiðingarnar og skilja þetta líka með kynjagleraugum.

Í öryggisályktun Sameinuðu þjóðanna númer 1325 er fjallað um endurreisn landa eftir stríð og aðrar viðlíka hremmingar. Þar er kveðið á um að aðkoma kvenna í endurreisn sé lykilatriði, lykilatriði í uppbyggingu. Konur verða að koma að borðinu, hverju einasta borði þar sem ráðum er ráðið. Það er ekki bara mikilvægt fyrir Reykjavík, það er mikilvægt fyrir heiminn.

**Forseti:** Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi.

## **2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að þakka frummælendum fyrir að setja þetta mál á dagskrá. Í raun held ég að brennipunkturinn í þessari umræðu sé jafnrétti og mannréttindi, það er að segja andstæða misskiptingar og ójafnaðar. Það er mikilvægt að ræða þetta hér á þessum tíma vegna þess að það sem við höfum fyrir augunum í fjölmiðlum, í fréttum nánast núna á hverjum degi eru afar gróf dæmi um misnotkun á aðstöðu, um sérmeðferð og misrétti.

Það þarf að uppræta en þær fréttir mega ekki gleyma eða hylja yfir þann stóra fjölda sem í raun og veru er kannski í mestri hættu þegar efnahagshamfarir eða kreppa eða samdráttur ríður yfir og við getum sagt að meginreglan sé sú að þeir sem eru illa staddir eða standa höllum fæti fyrir eru í mestri áhættu að fara verst út úr hamförum, hvaða nafni sem þær nefnast, á meðan þær ganga yfir og síðast en ekki síst að fara svona, dragast eftir í enduruppbyggingarstarfinu og þess vegna tek ég hjartanlega undir með Svandísi Svavarsdóttur, borgarfulltrúa, þegar hún leggur hér áherslu á það að það er geysilega mikilvægt að allir komi að borðinu þegar við erum að skipuleggja endurreisnarstarfið og það á bæði við um bæði kyn sannarlega en líka fólk sem nálgast viðfangsefnin frá ólíkum sjónarhornum af einhverjum öðrum ástæðum.

En fyrir okkur í pólitíkinni þá skiptir þetta líka alveg geysilega miklu máli þegar við erum núna að halda áfram og leggja að sumu leyti af stað í það að forgangsraða þeim fjármunum sem við höfum úr að spila sem verða minni heldur en við hefðum vonað og áætlanir fyrir einu ári gáfu til kynna. Vegna þess að höfuðskylda okkar við þessar erfiðu aðstæður er að forgangsraða þessum fjármunum til þess að fleyta þeim sem höllustum fæti standa í gegnum þessa erfiðleika og standa með þeim þannig að allir fái hér tækifæri til þess að byggja upp innihaldsríkt líf og sókn fyrir sjálfa sig í enduruppbyggingarfasanum ef við getum komist þannig að orði. Og það gerist ekki af sjálfu sér. Það gerist bara í gegnum félagslegar áherslur í forgangsröðun fjármuna. Það gerist í gegnum félagslega nálgun þegar við erum að koma að tekjuskiptingu skattkerfisins, félagslega nálgun þegar við erum að koma að forgangsröðun í fjárhagsáætlun

Bstj. 4. nóvember 2008

Reykjavíkurborgar og þá þurfum við að hafa heildarmyndina undir. Við vitum að hún hefur dregist aðeins saman frá því sem áður var en þessi samfélagslegu gleraugu, þessi meðvitund um það að því miður nánast allar rannsóknir hafa sýnt það að mismunun sem er til staðar áður eykst í kreppu og getur vaxið jafnvel í eftirleiknum.

Þess vegna tek ég undir það, þetta er geysilega mikilvæg umræða fyrir okkur. Það er að segja ekki bara kynjaumræðan heldur umræða um ójöfnuð og misskiptingu og hvernig þeim hlutföllum og mér liggur við að segja valdajafnvægi í samfélaginu reiðir af í gegnum svona ástand eins og við erum núna að ganga í gegnum. Ég er býsna hræddur um það að dæmin sem við erum að heyra úr bönkunum, ef þau reynast rétt sem manni sýnist því miður að þau séu að minnsta kosti að einhverju leyti, eru dæmi um það þegar þeir sem eru ofan á og hafa völd og aðstöðu eru að græja hluti fyrir sjálfa sig á meðan þeir sem hafa úr minnstu að spila og þetta skellur á án þess að þeir hafi verið beinir þátttakendur í þeim hlutum sem til þess hafi leitt, geta illa borið hönd fyrir höfuð sér. Lykilverkefni stjórnmalanna við þessar aðstæður hlýtur að vera að standa með því fólki og kalla það og fulltrúa þess að borðinu þegar við leggjum á ráðin um hvernig við vinnum okkur út úr þessu saman sem samfélag og við hér í borgarstjórn sem pólitískt vald.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en vil bara undirstrika þakkir fyrir að taka þessa umræðu upp en ég held að við verðum að hafa hana á breiðum grunni, umræðu um mismunun og misskiptingu vegna þess að þarna eru geysilega margir hópar sem ekki mega gleymast ef rétt og sanngjarnt og réttlátt er að verki staðið í þeim verkefnum sem við eigum framundan.

**Forseti:** Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi, hefur lokið máli sínu. Þá tekur næst til máls Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi.

## **2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil þakka fyrir ágæta umræðu hér í dag um þetta mikilvæga mál. Þetta er umræða sem við þurfum að taka hér upp reglulega og við munum nú sjá til þess, við félagarnir Vinstri grænu. Það er tvennt sem mig langar til að aðeins minnst á. Annars vegar það þegar borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson talar um að það sé mikilvægt að horfa í víðara samhengi. Ég er algjörlega sammála því, við verðum að skoða að sjálfsögðu alla þá hópa sem gætu orðið undir í því efnahagsástandi sem nú ríkir en það að taka út einn hóp eða þá tvo hópa sem hér um ræðir er alls ekki til þess gert að gera lítið úr vandamálum annarra hópa. Það er allt í lagi að taka út ákveðna hópa og ræða þá. Svo skulum við líka ræða um alla hina. Öll þessi barátta náttúrulega, barátta allra minnihlutahópa og öll mannréttindabarátta er svo ofsalega nátengd að það hjálpar til í hvert skipti sem minnst er á einhvern minnihlutahóp þá hjálpar það öllum öðrum en við verðum að geta leyft okkur að tala um ákveðið misrétti án þess að þurfa alltaf að setja það í stóru myndina.

Hvað þjónustutrygginguna varðar, eins og hún er kölluð af meirihlutanum, vil ég bara áréttta það að í reglum um þjónustutryggingu segir með leyfi forseta: „Þjónustutrygging fellur niður þegar foreldrum eða forráðamönnum býðst leikskólaláss fyrir barn eða niðurgreiðsla frá leikskólasviði vegna annarra dagvistunarúrræða. Þó geta foreldrar eða forráðamenn, þar til barnið verður 24 mánaða, valið að nýta sér þjónustutryggingu í stað leikskólaláss eða niðurgreiðslu frá leikskólasviði vegna annarra dagvistunarúrræða.“ Tilvitnun lýkur. Þá er það komið á hreint.

Hvað hitt varðar um að foreldrar eða forráðamenn í hjúskap eða sambúð eigi að skipta á milli sín þjónustutryggingunni að tveimur þriðju hlutum að mesta lagi, þá eru ekki sömu reglur sem gilda um þetta og um fæðingarorlofið vegna þess að þegar fólk er í fæðingarorlofi er mjög strangt eftirlit með því að þau taki ekki að sér aðra vinnu á meðan. Þjónustutryggingin, það fólk sem sér um þjónustutrygginguna og fylgist með því hvað foreldrar gera, hefur ekkert eftirlit með því hvað foreldrar eru að gera þannig að það að vera að setja þetta inn á bankareikninga foreldra til skiptis skiptir nákvæmlega engu máli. Eftir sem áður

Bstj. 4. nóvember 2008

er ábyrgðin bara eitthvað sem foreldrarnir koma sér saman um og það er bara til þess að flækja þetta að vera að greiða þetta inn á tvo reikninga til skiptis.

En ég tek reyndar undir með borgarfulltrúa Svandísi Svavarsdóttur um að við eigum ekki að láta umræðuna endilega snúast um þessi einstöku mál. Þetta er hlutur sem við erum ósammála um en ég held að í meginatriðum séum við sammála um það að hér þurfum við að beita okkur fyrir jafnrétti kynjanna á öllum sviðum. Við höfum verið að vinna að því í eins mikilli sátt og mögulegt er og ég bind vonir við að svo verði áfram.

**Forseti:** Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið máli sínu. Þá hefur óskað eftir að veita andsvar borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir.

**2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Jórunn Frímansdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Bara örstutt hérna varðandi þetta með þjónustutrygginguna sem málið átti náttúrulega ekki að snúast um en Sóley Tómasdóttir kemur réttilega inn á það hvernig þetta er orðað nákvæmlega en engu að síður er það líka alveg skýrt að fólk þarf að eiga virka umsókn á leikskóla. En það hefur hins vegar ekki verið svo að við getum þjónustað fólk undir 24 mánaða þannig að í raun er það þannig að fólk hefur þetta val en það gæti nú breyst á komandi mánuðum og kannski ástæða til að endurskoða þetta í leikskólaráði einmitt að taka út þetta með 24 mánuðina og hreinlega að hnykkja svolítið á því að fólk þurfi að hafa virka umsókn til þess að geta haft þetta val því auðvitað viljum við að börnin séu á leikskóla ef á annað borð það þarf einhverja vistun eða gæslu eða pössun eða hvað maður á að segja.

**Forseti:** Jórunn Frímansdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið við að veita andsvar og þá svarar andsvari Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi.

Bstj. 4. nóvember 2008

**2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Það gleður mig sannarlega að heyra borgarfulltrúa Jórunni Frímansdóttur tala um að hún sé viljug til þess að endurskoða þessar reglur og lýsi mig og okkar fulltrúa í leikskólaráði og hér í borgarstjórn reiðubúin til þess að taka undir þessa leiðréttingu. Þó í grunninn séum við á móti fyrirkomulaginu munum við styðja þessa breytingu.

**Forseti:** Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið við að svara andsvari. Þá er andsvörum lokið og til máls tekur Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi.

Bstj. 4. nóvember 2008

**2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Marta Guðjónsdóttir:** Hæstvirtur forseti, góðir borgarfulltrúar. Út af ræðu borgarfulltrúa Svandísar Svavarsdóttur langar mig að koma hérna inn á nokkur mál hvað varða mannréttindastefnuna. Í fyrsta lagi, grundvallarreglan um jafnræði manna og bann við mismunun er ein mikilvægasta undirstaða nútíma hugmynda um mannréttindi. Mannréttindastefna borgarinnar byggir á jafnræðisreglunni sem felur í sér bann við mismunun á grundvelli kyns, aldurs, fötlunar, heilsufars, kynhneigðar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, uppruna og þjóðernis. Stjórnendur og starfsmenn borgarinnar bera ábyrgð á að tryggja að mannréttindi allra séu virt innan stjórnkerfis borgarinnar. Bæði á vinnustöðum og hvað varðar þjónustu borgarinnar.

Mannréttindastjóra er ætlað að standa vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað og af því að Svandís Svavarsdóttir kom hérna inn á það að það yrði að gæta jafnræðis varðandi úthlutun á fjármagni þá vil ég upplýsa borgarfulltrúann um það að eitt af hlutverkum mannréttindastjóra er að senda bréf á sviðsstjóra sviðanna áður en kemur að úthlutun til þess að ítreka að jafnræðis sé gætt í hvívetna og það mun mannréttindastjóri og mannréttindaskrifstofan sjá um að verði gert nú sem endranær.

**Forseti:** Marta Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi, hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

## **2. mál Umræða um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna (að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Örstutt, takk fyrir þessa ágætu umræðu og ég held, líkt og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir sagði hér áðan, að við verðum seint sammála um alla hluti hvað þetta varðar. Hún notaði nú það orð að tala um það sem meirihlutinn kallaði þjónustutryggingu. Þetta heitir þjónustutrygging. Reglur um þjónustutryggingu, hvort sem borgarfulltrúanum líkar orðið eða ekki en borgarfulltrúinn kys gjarnan að kalla það öðru nafni en þetta heitir þjónustutrygging og í okkar huga er það mikilvægt tæki til þess að tryggja val en síðan geta menn haft aðrar skoðanir á því.

Borgarfulltrúinn fór hárrétt með þær greinar í reglunum sem lúta að þessu þar sem meðal annars er talað um það og þessar reglur byggja á því fordæmi sem við þekkjum úr fæðingarorloflögunum þar sem er gert ráð fyrir því að hvor aðili um sig geti tekið allt að tveimur þriðja af þeim tíma sem sótt er um í þjónustutryggingunni og eins og segir í bókun meirihlutans á þeim tíma þegar þetta var afgreitt, orðrétt með leyfi forseta: „Foreldrar sem þiggja þjónustutryggingu en ráðstafa henni ekki til þriðja aðila skipta á milli sín greiðslutímabilinu á sambærilegan hátt og lög um fæðingarorlof gera ráð fyrir. Markmiðið með skerðingu á milli foreldra er að tryggja barni samvistir við báða foreldra og gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu og atvinnulíf.“

Svo geta menn haft mismikla trú á eftirlitskerfinu og mismikla trú á einstaklingunum sem nýta sér þessa þjónustu en við teljum að þarna sé um að ræða fullt jafnræði á milli foreldra, báðir geta nýtt sér það og þetta er þjónustutrygging sem á að koma til móts við aðila þegar við getum ekki þjónustað þá með öðrum hætti. Þrátt fyrir að ég held að við séum öll sammála um það að sem flest börn hafi aðgang að leikskólþjónustu, ég held að það sé enginn ágreiningur um það.

Ég held líka, hæstvirtur forseti, að það sé til mikils að við reynum að gæta okkur á því í þessari jafnréttisumræðu allri saman, eins mikilvæg og hún nú er, að við séum ekki að skipta fólki við þessar aðstæður mjög harkalega upp í hópa eða upp í svona einhver átakamiðuð jafnréttissjónarmið vegna þess að við erum jú öll í þessu saman við þessar aðstæður og vonandi koma hvorki konur né karlar mjög

Bstj. 4. nóvember 2008

illa út úr því ástandi. En eins og var talað um og ég gerði grein fyrir hér í upphafi þá held ég að Reykjavíkurborg sé að gera það sem Reykjavíkurborg getur gert hvað þetta varðar með því að verja störfin okkar þar sem mjög margar konur vinna en líka mjög margir karlar og það verður sama áhersla lögð á að verja störf karlanna og að verja störf kvennanna. Þannig að því sé til haga haldið.

Ég vildi líka undirstrika það og áréttva vegna þess að ég held að það sé mikilvægt vegna þess að borgarstjórn hefur verið sammála um það og hefur lagt mikla áherslu á það að Reykjavíkurborg sé einn vinnustaður og Reykjavíkurborg hefur unnið að því leynt og ljóst í mörg mörg ár að eyða ómálefnalegum launamun og þessi rannsókn sem ég nefndi hér áðan sem var framkvæmd af Önnu Borgþórsdóttur Olsen, hún var einmitt um það að velta því fyrir sér og skoða með sannfærandi og fræðilegum hætti hvort Reykjavíkurborg hefði tekist það og miðað við þá rannsókn sem hér liggur fyrir og verður kynnt, eins og ég sagði áðan, betur í borgarráði næstkomandi fimmtudag, þá hefur það tekist. Og það er árangur sem Reykjavíkurborg á að vera stolt af enda hefur Reykjavíkurborg verið í forystu hvað varðar jafnréttismál og miðað við þessa rannsókn og niðurstöður hennar sem sýna að enginn ómálefnalegur launamunur er í dagvinnulaunum þegar tekið hefur verið tillit til þeirra þátta sem rannsóknin tekur mið af, það er sannarlega árangur sem Reykjavíkurborg getur verið stolt af fyrir hönd kvenna sem starfa hjá Reykjavík.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs undir þessum lið og er umræðum lokið. Þá er tekinn á dagskrá þriðji liður útsendrar dagskrár sem er umræða um stöðu heimilanna í Reykjavík að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna. Málshefjandi er Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi og er boðinn velkominn í pontu.